

Verklagsreglur vegna starfsmanna Akureyrarbæjar sem greiða til LSA og óska eftir að starfa samhliða töku lífeyris frá LSA A-deild

1. Starfsmaður skal leita til forstöðumanns stofnunar óski hann að starfa áfram í núverandi starfi í tímabundnu hlutastarfi í 20 – 49% starfshlutfalli, samhliða töku lífeyris frá LSA A-deild.
2. Heimild til að samþykkja beiðni kemur til álita ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - Að um sé að ræða skerðingu á starfshlutfalli í núverandi starfi.
 - Að starfsmaður hætti að greiða til Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.
 - Starfsmaður greiði eftir breytingu á starfshlutfalli í Brú lífeyrisjóð starfsmanna sveitarfélaga.
 - Starfsmaður hafi fulla starfsgetu og skili starfshæfnisvottorði ef óskað er.
3. Forstöðumaður metur út frá hagsmunum stofnunar hverju sinni hvort möguleiki er að verða við beiðni starfsmanns. Telji hann svo vera leitar hann í framhaldinu samþykkis sviðsstjóra viðkomandi sviðs.
4. Forstöðumaður skal senda sviðsstjóra umsókn á þar til gerðu umsóknareyðublaði þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir beiðninni.
5. Sviðsstjóri metur hvert og eitt tilvik og hvort það uppfylli skilyrði 2. gr.
6. Sviðsstjóri sendir póst til launadeildar og afrit á forstöðumann sem lagði beiðnina fram. Í póstinum skal koma fram að beiðni forstöðumanns hafi verið samþykkt vegna ráðningar starfsmanns í skert starfshlutfall ásamt eftirfarandi upplýsingum:
 - nafn starfsmanns
 - starfshlutfall
 - hvaða starf er um að ræða
7. Launafulltrúum er óheimilt að afgreiða breytingu á ráðningarsamningi frá forstöðumanni fyrr en þeim hefur borist staðfesting á heimild sviðsstjóra fyrir beiðni forstöðumanns.
8. Sama verklag gildir ef um er að ræða ráðningu sem nemur færri en átta vinnustundum á viku en í þeim tilvikum er ráðið í tímavinnu í stað starfshlutfalls.
9. Fyrri samþykkt um ótímabundna ráðningu í tímavinnu gildir óbreytt um þá starfsmenn sem ráðnir voru með þeim hætti fyrir samþykkt þessara verklagsreglna.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. febrúar 2018.